

Reykjavík, 21. febrúar, 2017

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um Stjórnarfrumvarp 187/146:
Farþegaflutningar og farmflutningar.

Umsagnaraðili: Harpa Viðarsdóttir, leiðsögumaður og
lyfjafræðingur.

Á seinasta ári gerði Samgöngustofa drög að breytingum á
reglugerð er varðar akstur með ferðamenn og hvaða bifreiðar
geta talist hópferðabifreiðar.

Gamla reglugerðin bauð upp á glufu sem margir hafa notfært
sér, að hækka þurfti bifreið um 10% frá götu umfram það sem
framleiðandi gaf upp. Þetta var auðvitað arfavitlaust en bauð
upp á að hægt væri að notast við 9 manna bifreiðar og minni til
að keyra fólk um landið.

Skv ofangreindu stjórnarfrumvarpi er hins aðeins í boði að
keyra fólk um landið á bifreiðum sem taka fleiri en 9 manns eða
á jeppum sem eru á a.m.k. 33" (780 mm) stórum hjólbörðum
og teljast torfærubifreiðar. Alveg er sama þó um sé að ræða ein
hjón og aldrei sé farið út af malbiki, nota skal torfærujeppa eða
rútu!

Ég er leiðsögumaður með aukin ökuréttindi og maðurinn minn
á og rekur hótél í Biskupstungum. Þangað eru engar
almenningsgöngur. Mig langar til að geta sótt þá gesti sem
þess óska út á Keflavíkurflugvöll eða til Reykjavíkur á bíl sem
mengar lítið og er hagkvæmur í rekstri og þægilegur fyrir
gestina, jafnvel rafbíl, en nú orðið draga þeir allt að 400 km á

einni hleðslu. Ferðin heim á hótél getur nýst sem skoðunarferð enda liggur leiðin um helstu náttúruperlur landsins. Þetta má ég ekki nema ég noti torfærujeppa eða rútu.

Samgöngustofa bendir á að í mörgum tilfellum sé hægt að skrá bifreiðina sem eðalvagn. Gerð er krafa m.a. um leðurinnréttingu (kaldari sæti og sumum finnst það líka óþægilegri sæti) og að ökutæki með stök sæti skuli hafa armhvílur báðum megin auk skyggðra glugga (sem spilla útsýni, sérstaklega í skammdeginu). Af lista Samgöngustofu sést að allt eru þetta fokdýrir bílar sem eyða miklu eldsneyti. Þá fæst ekki eðalvagnaleyfi nema á eiganda bifreiðarinnar sem ekki má vera fyrirtæki. Slíkt leyfi fengist ekki fyrir venjulegan rafbíl eða sparneytinn bensínbíl (í eigu hótelsins, en látum eignarhaldið liggja milli hluta).

Fyrir hverja eru þessar reglugerðir settar? Alveg víst er að það er ekki fyrir hinn almenna ferðamann sem hefur engan áhuga á að vera í stórri rútu eða í risajeppa. Hér er m.a. verið að vernda leigubílafyrirtæki en það er allt á misskilningi byggt því þessir hópar eru ekki í samkeppni. Leiðsögumaður ekur með sína gesti eftir fyrirfram ákveðinni leiðarlýsingu og tekur ekki upp aðra farþega en þá sem hafa bókað fyrirfram. Leiðsögumenn með meirapróf sem vilja bjóða upp á ferðir um landið í minni bifreiðum mega það ekki samkvæmt þeim reglugerðum sem eru í gildi. Stjórnvöld virðast frekar vilja að ferðamenn leigi sér bifreiðar og keyri reynslulausir um landið í aðstæðum sem þeir þekkja ekki. Leiðsögumaður með aukin ökuréttindi má heldur ekki setjast upp í bílaleigubíl og keyra þetta sama fólk.

Hjá Samgöngustofu fékk ég þær upplýsingar að til væri eldra frumvarp: 874/144 Stjórnarfrumvarp um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni, sem tæki á þessum vanda og fæli í sér breytingu í þá átt að nota mætti minni bíla í ferðaþjónustu ef rekstraraðili þeirra væri með ferðaskipuleggjendaleyfi eða ferðaskrifstofuleyfi. Þetta finnst mér heillaráð og ætti að vera

næg vernd fyrir leigubílstjórana. Í því frumvarpi er það grein 31 sem mestu máli skiptir:

Grein 31:

Ferðþjónustuleyfi.

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðþjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr.

Skilyrði ferðþjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðþjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsömdu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðþjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðþjónustu. Ökutæki ferðþjónustuleyfis hafa skulu vera merkt rekstraraðila. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðþjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði.

Þessa grein vantar sárlega í Stjórnarfrumvarp 187/146: Farþegaflutningar og farmflutningar. Og geri ég athugasemd við það að sambærilega grein skuli vanta í frumvarpið.

Nú eru uppi áform um orkuskipti í samgöngum og slæmt er ef ferðþjónustan er skilin út undan í þeim efnum. Margt smátt gerir eitt stórt.

Við þessi skrif studdist ég við grein Gunnars Þórs Gunnarssonar sem birtist í Fréttablaðinu 27. Janúar s.l.

Bestu kveðjur,
Harpa Viðarsdóttir
Lyfjafræðingur og leiðsögumaður